



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 7. maí 2008

Efni: Umsögn um tillögu til þingsáiyktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Félagið er samþykkt því að réttindi innflytjenda séu tryggð í sem víðustu samhengi. Félagið bendir þó á að töluvert skortir á að réttindi sjúkratryggðra almennt séu skýr og fullnægjandi.

Á aðalfundi félagsins sl. haust var samþykkt ályktun um sjúkratryggingar sem send var forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og formönnum allra þingflokka Alþingis.

Ályktunin er svohljóðandi:

“Ályktun um gildissvið sjúkratrygginga og umboðsmann sjúklinga.

Forsendur:

Notendur heilbrigðisþjónustu á Íslandi eru skilgreindir sem sjúklingar og eiga lögum samkvæmt rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita. Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, efnahags, ætternis og stöðu.¹

Inntak sjúkratrygginga, sem greiddar eru af almannafé og ætlað að jafna aðgengi þegnanna að heilbrigðisþjónustu er óljóst, breytilegt og háð úthlutunum stjórnmalamanna gegnum fjárlög. Göt eru í sjúkratryggingunni vegna tannverndar, langir biðlistar eru fyrir ýmsar aðgerðir og hér býr vaxandi fjöldi útlendinga og heimfluttra Íslendinga sem borga skatta af vinnu sinni hérlendis en eru þó ekki sjúkratryggðir. Gangainnlagnir viðgangast á sumum deildum sjúkrahúsanna, en þær eru stórhættulegar bæði útfrá endurlífgunarsjónarmiðum og brunavörnum.

Mæðravernd og fæðingarhjálp er fyrst og fremst veitt til að vernda ófætt barnið en að minna leyti vegna heilsu móður. Ófætt barn hérlendis er þó réttlaut með öllu hvað þetta varðar, ef það fæðist innan 6 mánaða frá lögheimilisflutningi móður til landsins.

Þetta réttleysi barnsins er algert jafnvel þó faðir barnsins sé að fullu sjúkratryggður á Íslandi. Sé móðirin hins vegar sjúkratryggð á Íslandi fær barnið þessa þjónustu innan

almannatryggingakerfisins. Þarna er ófæddum börnum og foreldrum þeirra mismunað. Hvað réttlætir slíka mismunun, með líf og velferð að veði?

¹ Lög um réttindi sjúklinga frá 1.júlí 1997.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Heilbrigðisráðherra og sjúkrastofnanir sem að langmestu leyti eru reknar af ríkinu og heyra undir sama ráðherra eru einvöld í framboði á þjónustu og fyrirkomulagi hennar.

Almannatryggingakerfið var skapað á síðustu öld til að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu og koma í veg fyrir að ákveðnir hópar þjóðfélagsins væru ósjúkratryggðir. Kerfið virðist fjær þessum markmiðum í dag en í lok síðustu aldar og kerfið virðist flókið og ekki hafa fylgt þörfum sem skapast við hraðar þjóðfélagsbreytingar. Flóknir verkferlar í heilbrigðiskerfinu hafa líka leitt til ójöfnuðar og til lakari tryggingaverndar. Við teljum að þörf sé fyrir skýrari skilgreiningu og endurmat á innihaldi almannatrygginganna.

Til að hafa eftirlits og ráðgjafarhlutverk með heilbrigðis- og tryggingakerfunum og stjórnendum þess, leggjum við til að stofnað verði embætti umboðsmanns sjúklinga sem sé óháður fyrimælum frá öðrum yfirvöldum og sé ætlað að tryggja rétt þegnanna.

Niðurstaða 1

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007, hvetur heilbrigðisráðherra til að skilgreina sem fyrst innihald hinnar opinberu sjúkratryggingar á Íslandi, svo enginn vafi leiki á því hvaða réttindi hún veitir þegnum og hver ekki.

Niðurstaða 2

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 28.-29. september 2007, skorar á Alþingi og ríkisstjórn Íslands, að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga sem gæti réttinda sjúklinga gagnvart stjórnvöldum í heilbrigðis og tryggingamálum. Hann hafi eftirlit með að lög um almannatryggingar tryggi á hverjum tíma rétt hinna sjúkratryggðu, að jafnræði sé í heiðri haft í heilbrigðis- og tryggingakerfinu og að yfirvöld vinni í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Umboðsmaður bendi einnig á misfellur í heilbrigðis og tryggingakerfinu og segi fyrir um úrbætur og leiðréttingar af hálfu viðkomandi yfirvalda þegar við á. “

Félagið þakkar fyrir hafa fengið tilefni til að vekja athygli þingmanna á þessari stöðu sjúkratrygginga allra landsmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður